

# Umferðarfræðsla


Tillögur ráðgjafarnefndar Umferðarráðs  
um námsefni til umferðarfræðslu



Einar Guðmundsson  
Jóhann Örn Héðinsson  
Sigurður Þorsteinsson  
Tryggvi Jakobsson  
Þóra Guðmundsdóttir  
Guðmundur Þorsteinsson,  
starfsmaður nefndar



Reykjavík, í desember 1998




# Umferðarfræðsla

Tillögur ráðgjafarnefndar Umferðarráðs  
um námsefni til umferðarfræðslu



Einar Guðmundsson  
Jóhann Örn Héðinsson  
Sigurður Þorsteinsson  
Tryggvi Jakobsson  
Þóra Guðmundsdóttir  
Guðmundur Þorsteinsson,  
starfsmaður nefndar



Reykjavík, í desember 1998

## Efnisyfirlit

1. Inngangur
2. Ýmis lög og reglugerðir
3. Greining á hættum  
í umhverfi barna og unglina
4. Tillögur nefndarinnar
5. Framkvæmd tillagananna
6. Lokaorð

# 1. Inngangur

Árið 1996 varð að samkomulagi á milli mennta- og dómsmálaráðuneytis að öll umsjón með umferðarfræðslu skyldi flytjast til Umferðarráðs. Með því móti færðist umsjón með allri umferðarfræðslu í landinu á hendur eins og sama aðila. Ári síðar gekkst Umferðarráð fyrir viðamiklu málþingi um umferðarfræðslu í grunnskólum og vorið 1998 ákvað ráðið að skipa tvær ráðgjafarnefndir, aðra til að fjalla um framtíðarsýn og stefnumörkun þessara mála, en hina til að fjalla um námsefni til umferðarfræðslu í víðasta skilningi. Skýrsla sú sem hér fer á eftir er samantekt á umræðuefni þeirrar nefndar, ásamt tillögum hennar.

Í nefndinni sátu eftirtaldir:

Tryggvi Jakobsson, útgáfustjóri, formaður  
Einar Guðmundsson, forvarnafulltrúi  
Jóhann Örn Héðinsson grunnskólakennari og ökukennari  
Sigurður Þorsteinsson grunnskólakennari og ökukennari  
Þóra Guðmundsdóttir grunnskólakennari.

Starfsmaður nefndarinnar og ritari var Guðmundur Þorsteinsson, deildarstjóri hjá Umferðarráði.

Í erindisbréfi nefndarinnar frá 14. apríl 1998 segir eftirfarandi um hlutverk hennar:

- 1 *Fara þarf yfir tiltækt námsefni til umferðarfræðslu á öllum skólastigum (leik-, grunn- og framhaldsskóla), skoða hvað af því unnt er að nýta áfram og koma með metnaðarfullar tillögur um gerð nýs efnis.*

*Til þess að ná góðum árangri í umferðarfræðslu verða námsgögn að vera fjölbreytt, áhugaverð og sem best í takt við tímann.*

*Viðfangsefni m.a.:*

*Á hvaða sviði þarf fyrst að bæta um (auka) útgáfu námsefnis í umferðarfræðslu?*

*Hvaða gerð námsefnis þyrfti að leggja áherslu á að útbúa á næstu misserum?*

*Fjármagnspörf? Er samstarf stofnana og fyrirtækja um útgáfu heppilegt fyrirkomulag?*

*Er möguleiki til að skipa vinnuhóp til námsefnisgerðar sem ynni í samstarfi við útgefendur?*

*Er kostur á að fá fólk til vinnu með löngum fyrirvara (6–12 mán.) við námsefnisgerð?*

*Dæmi um námsgögn: Nemendaefni (umferðarverkefni og námsbækur), kennsluleiðbeiningar, efni fyrir foreldra, handbækur, myndbönd, hljómbönd, veggspjöld, tölvuforrit, margmiðlunarefni og efni til verklegrar kennslu. (Hraðaviti – vinnublöð o.fl.).*

- 2 *Huga þarf að hlutverki kennarans, sem ætíð stendur upp úr, þ.e. góður kennari sem hefur áhuga á viðfangsefninu hlýtur að ná lengra en sá sem eingöngu setur traust sitt á námsefni. Hins vegar er ljóst að að gott námsefni hefur veruleg áhrif á farsæld í námi og kennslu.*
- 3 *Hafa þarf í huga helstu markmiðslýsingar sem um getur í Uppeldisáætlun fyrir leikskóla (bls. 71 frá 1993), Aðalnámskrá grunnskóla og reglugerða eins og þær eru á hverjum tíma (bls. 177, Aðalnámskrá frá 1989) og reglugerð um umferðarfræðslu frá 1989, reglugerð um búnað reiðhjóla frá 1994 o.fl. Einnig þarf að skoða ritið Enn betri skóli, grundvöll endurskoðunar aðalnámskrár, (apríl 1989, Menntamálaráðuneytið).*
- 4 *Huga þarf sérstaklega að námsgögnum sem nýtast lögreglumönnum sem koma í skóla í því skyni að leggja áherslu á þau atriði sem kennarar hafa áður farið yfir með nemendum. Starfshópur á vegum lögreglu og Umferðarráðs er að huga að gerð námsefnis til þessara nota og er brýnt að fá fram sjónarmið þeirra sem starfa í þeim hópi.*
- 5 *Skoða þarf sérstaklega hvernig unnt er að nota Alnetið í þágu umferðarfræðslu í skólum. Með aukinni tækni getur farið svo að prentað námsefni minnki, en kennarar (og/eða nemendur) geti í auknum mæli nálgast gott fræðsluefni á vefsíðum Umferðarráðs og víðar.*

Nefndin hefur haldið alls 11 fundi, auk minni samráðsfunda og spjallfunda með ýmsum aðilum sem að málefnum nefndarinnar hafa komið. Strax á fyrsta fundi nefndarinnar kom fram að með nýrri námskrá grunnskóla verður tekin upp ný námsgrein, **lífsleikni**. Þessari námsgrein er ætluð 1 kennslustund á viku frá og með 4. bekk grunnskóla. Þá er gert ráð fyrir að lífsleikni verði kennd í einum þriggja eininga áfanga á framhaldsskólastigi. Á yngstu stigum grunnskólans verður enn fremur að gera ráð fyrir að fjallað verði um eitthvað af námsþáttum lífsleikinnar í samfélagsfræði. Viðfangsefnin eru, auk öryggismála og slysavarna í víðum skilningi, fjölskyldufræðsla, lýðræði, fíknivarnir, samskipti, neytendafræðsla og listvitund. Ljóst er að hér er verið að leggja til viðamikið umfjöllunarefni á afar takmörkuðum tíma.

Á forskólastigi fer umferðarfræðsla einkum fram í gegnum umferðarskólann Ungir vegfarendur og í leikskólum. Þá hafa Umferðarráð, lögregla og sveitarfélög haldið sérstök tveggja daga námskeið fyrir 5 og 6 ára börn og aðstandendur þeirra. Allt þetta þarf að hafa í huga við endurskoðun námsefnis til umferðarfræðslu.

Starfshópurinn ræddi nokkuð um hugsanlegar leiðir við gerð námsefnis og varð brátt sammála um að við gerð þess þurfi að hafa í huga að efnið verði aðgengilegt og svegjanlegt, án þess að verða of umfangsmikið, þannig að einstakir skólar og kennarar gætu átt gott með að laga það að sínum aðstæðum. Þetta á ekki síst við í ljósi þess knappa tíma sem þessum þáttum er ætlaður.

Í umræðunni tóku síðan að mótast hugmyndir um að rétt kynni að vera að stefna að því að gera tillögur um sameiginlega námsefnisgerð eða samtengingu og samstarf þeirra aðila sem að námsþættinum *Öryggismál og slysavarnir* þurfa að koma, einkum hvað varða umferðarfræðslu, fræðslu og forvarnir gegn náttúruhamförum og skyndihjálpi. Með því að sameina kraftana mætti gera myndarlegt átak í námsefnisgerð þessa námsþáttar og koma í veg fyrir að bitist verði um takmarkaðan tíma í fræðslukerfinu. Þeir aðilar sem gengið hafa til samstarfs við nefndina, sem ráðin var af Umferðarráði eru:

Almannavarnir ríkisins  
Lögreglan  
Rauði kross Íslands  
Slysavarnafélag Íslands  
Vinnueftirlit ríkisins.

Öllum þessum aðilum, svo og þeim sem í upphaflega starfshópnum sátu eru hér færðar þakkir fyrir mikilsvert framlag til þessa mikilvæga námsþáttar.

## 2. Ýmis lög og reglugerðir

### Aðalnámskrá grunnskóla

Í væntanlegri aðalnámskrá grunnskóla er fjallað um námsgreinina lífsleikni. Þar er gert ráð fyrir að þungamiðja námsins verði lífsgæði og lífsþroski einstaklingsins. Efnisþættir sem undir lífsleikni falla eru m.a. eftirfarandi:

- Fjölskyldufræðsla
- Mannleg samskipti
- Neysla og umhverfi
- Lyfjamisnotkun og fíknivarnir
- Öryggismál og slysavarnir.

Um síðastnefnda þáttinn segir: að gera eigi ...nemendur meðvitaða um ýmsar hættur og slysgildir í umhverfi þeirra og viðbrögð við þeim, má þar nefna: í umferðinni, á heimilum og hættur í náttúrunni.

Í kaflanum um náttúrufræði er enn fremur minnst á að á miðstigi grunnskóla (5.–7. bekk) eigi að fjalla um *landmótun, veðrun og rof, landslag, eldgos og jarðskjálfta, ásamt forvörnum* og í 8.–10. bekk er gert ráð fyrir að fjalla um *náttúruhamfarir*.

### Aðalnámskrá framhaldsskóla

Í væntanlegri aðalnámskrá framhaldsskóla er kveðið á um það að taka eigi upp einn skylduáfangna í lífsleikni á öllum brautum, þar sem viðfangsefni verði á svipuðum nótum og í grunnskóla. Þar má reikna með að áhersla verði lögð á hverskonar áhættuhegðun unglunga og spennufíkn, ásamt áfengis- og fíkniefnaneyslu.

### Reglugerð um umferðarfræðslu nr. 534/1989

Í reglugerðinni segir að tilgangur umferðarfræðslu í skólum sé:

1. Að gera nemendur sem hæfasta þátttakendur í umferð og að þeir skynji umhverfi sitt og umferð út frá sjónarmiðum umferðaröryggis.
2. Að gera nemendum grein fyrir nauðsyn umferðarreglna og kenna þær reglur sem gilda í umferð á hverjum tíma. Fræðslu skal hagað í samræmi við þroska og aldur nemenda, þannig að þeir öðlist sem bestan skilning á viðfangsefninu.
3. Að kenna nemendum að fara eftir settum reglum, þannig að þeir stofni hvorki sjálfum sér eða öðrum í óþarfa hættu.

Á dagvistarheimilum og forskóladeildum skal börnum leiðbeint um einföldustu reglur sem gangandi fólki ber að fylgja í umferð og innrætt varúð í leik og á ferð á almanna-færi. Í grunnskóla er kveðið á um að umferðarfræðsla eigi að vera einn þáttur skyldu-námsins og fara fram bæði innan skóla og utan. Þá er kveðið á um að fræðsluyfirvöld skuli leita samvinnu við lögreglu um umferðarfræðslu í skólum og talið æskilegt að ráða sérstaka trúnaðarkennara til að vinna að skipulagningu og framgangi umferðarfræðslu.

### **Uppeldisáætlun fyrir leikskóla**

Í uppeldisáætlun fyrir leikskóla frá 1993 segir á bls. 71:

*Leggja þarf mikla áherslu á mikilvægi umferðarmenningar í samskiptum manna. Börnin þurfa að kynnast umferðinni og læra umferðarreglur jafnskjótt og þau hafa þroska til. Í gönguferðum og kynnisferðum gefast eðlileg tækifæri til að kenna börnum umferðarreglur og þjálfva þau í að beita þeim.*

### **Lög um almannavarnir nr. 94/1962**

Í fyrstu grein laganna segir m.a., með áorðnum breytingum í lögum nr.30/167:

*Hlutverk almannavarna er að skipuleggja og framkvæma ráðstafanir, sem miða að því að koma í veg fyrir, eftir því sem unnt er, að almenningur verði fyrir líkamstjóni eða eigna af völdum hernaðaraðgerða, náttúruhamfara eða af annarri vá,...*

Og í sjöttu grein sömu laga segir í e. lið um hlutverk almannavarnaráðs að undir það falli leiðbeiningar og almenningsfræðsla.

### **Rauði kross Íslands**

Rauði kross Íslands og Almannavarnir ríkisins (í umboði dómsmálaráðherra) hafa gert með sér samning (núverandi útgáfa frá 1994) þar sem segir í grein 5.6:

*Rauði kross Íslands hefur forystu um kennslu í skyndihjálpi, endurnýjar námsefni og kemur upp kennaraliði í hinum ýmsu landshlutum. Hann hefur samráð við sérfræðinga, áhugamenn og aðra þá aðila sem að skyndihjálparvinna, um samræmingu á skyndihjálpar-kennslu í landinu, þannig að eitt kerfi og ein aðferð verði viðurkennd á hverjum tíma. Gerður er greinarmunur á almennri skyndihjálpi og kennslu fyrir sérhæft skyndihjálparlið sem getið er í lið 5.4.*

Þá hefur heilbrigðisráðherra falið Rauða krossinum kennslu í sálrænni skyndihjálpi sem er fyrsta skrefið í áfallahjálpi.

### **Lög Slysavarnafélags Íslands frá 9. júní 1996**

Í 2. grein laganna segir m.a.:

*Tilgangur félagsins er:*

- *Að sporna við hvers konar slysum og vinna að því að hjálpa þeim sem lenda í háska.*
- *Að auka þekkingu almennings á orsökum slysa og helstu ráðum til að afstýra þeim.*
- *Að efla fræðslu um hvað gera skuli ef slys ber að höndum.*

### **Vinnueftirlit ríkisins**

Í lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980 segir í 78. gr. m.a.:

*Vinnueftirlit ríkisins hefur það verkefni að:*

- a. leiðbeina fyrirtækjum, öryggisnefndum, öryggisnefndum sérgreina, aðilum vinnu-markaðarins og opinberum aðilum um mál er varða starfsumhverfi,...*
- d. afla og viðhalda þekkingu um félagslega og tæknilega þróun í þeim tilgangi að stuðla að því að efla öryggi og bæta hollustuhætti í starfsumhverfi,*
- e. veita, í samstarfi við aðila vinnu-markaðarins, fræðslu og upplýsingar varðandi hættur*